

Minnisblað

Dags.: 2025-10-21

Frá: Ragnar Guðmundsson
Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Tillaga að gjaldskrárbreytingu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps

Gjaldskrár hitaveitna í einkaleyfisrekstri lúta að reglum 947/215¹ um staðfestingu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Greina þarf fyrir ástæðum á breytingum á gjaldskrá til Orkustofnunar sem veitir í kjölfarið umsögn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þetta ferli tekur töluverðan tíma og því mikilvægt að taka breytingar á gjaldskrá hitaveitunnar fyrir tímanlega svo hún geti tekið gildi um áramót.

Í töflu 1 má sjá gjaldskrár jaðarveitna í og í grennd við sveitarfélagið bornar saman við gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Tekjur veitunnar koma um 60% frá notendum með hemla og 40% frá notendum með mæla ef frá er talin notkun Sundlaugarinnar á Borg.

Tafla 1: Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, Veitna, Bláskógaveitna og Selfossveitna. Allar tölur án vsk.

Gjaldliður	GOGG	Bláskógaveita	Veitur	Selfossveitur
Hemill DN 15	3.858	3.680	4.645	4.302
Fast gjald	1.756	1.457	-	2.634
Mælir notkun (m³)	175	136,5	247,88	186
Mælir fast gjald	1.756	1.457	1.931	1.850
Tengigjald	937.452	824.448	798.748	975.951

Tafla 2: Tekjur af hemlatengingu vegna lágmarksstillingu upp á 3 l/mínútu ásamt hlutfallslegum mismun m.v. Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Einnig er borin saman rúmmetragjald hitaveitnanna. Allar tölur án vsk.

Veituaðili	Tekjur vegna hemla 3 l/m	Mismunur	Rúmmetragjald	Mismunur
Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps	159.960 kr		175 kr	
Bláskógaveita	149.979 kr	-6,24%	137 kr	-22,00%
Veitur	167.214 kr	11,49%	248 kr	41,65%
Selfossveitur	186.490 kr	11,53%	186 kr	6,29%

Undirritaður leggur til að gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps hækki um 3,5% flatt yfir alla gjaldskrá. Tillaga að nýrri gjaldskrá má sjá hér í minnisblaðinu.

Ragnar Guðmundsson

¹ [Nr. 947/2015](#)

Gjaldskrá

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi hitaveitunnar og hún hefur umráðarétt yfir, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri af iðnaðarráðherra nr. 252/2001, með síðari breytingum fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 3 l/mín. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum. Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps rekur tvö hitaveitusvæði með aðskildum dreifikerfum. Þessi svæði eru annars vegar á og við Borgarsvæðið með vatn frá Vaðnesi, hins vegar austari hluti Grímsness, með vatn frá Kringlu.

5. gr.

Verðskrá:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mín. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra kr. 3.993.

B. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 181,0.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 11.977 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

B1 Stærð mælis/hemils DN 15	1.817,- kr.
B2 Stærð mælis/hemils DN 20	2.599,- kr.
B3 Stærð mælis/hemils DN 25	3.210,- kr.
B4 Stærð mælis/hemils DN 32	3.831,- kr.
B5 Stærð mælis/hemils DN 40	4.447,- kr.
B6 Stærð mælis/hemils DN 50	6.086,- kr.

C. Stofngjöld:

Virðisaukaskattur reiknast 11% á tengigjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota.

Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn að höfðu samráði við Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Tengigjöld í þéttbýli og athafnasvæði við Sólheimaveg.

MÁLSTÆRÐ M.V. STÁL	MÁLSTÆRÐ M.V. PEX	KR. ÁN VSK. KR.
DN 20	ø25	970.263 kr
DN 25	ø32	1.032.413 kr
DN 32		1.304.100 kr
DN 40		1.956.150 kr
DN 50		3.260.250 kr
DN 65		4.890.375 kr

Tengigjöld í dreifbýli fyrir lögbýli og íbúðarhús.

Stærð heimæðar ákvarðast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar til upphitunar húsnæðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 11% á tengigjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota. Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 7.019 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

MÁLSTÆRÐ M.V. STÁL	MÁLSTÆRÐ M.V. PEX	KR. ÁN VSK. KR.
DN 20	ø25	970.263 kr
DN 25	ø32	1.032.413 kr

Tengigjöld í dreifbýli fyrir frístundahús.

Neðangreind verð gilda fyrir frístundahús. Virðisaukaskattur reiknast 11% á tengigjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota. Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 6.685 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

MÁLSTÆRÐ M.V. STÁL	MÁLSTÆRÐ M.V. PEX	KR. ÁN VSK. KR.
-	ø20	970.263 kr

Gjald fyrir auka mælagrind kr. 144.798.

D. Önnur gjöld:

Lokunargjald kr. 27.204

Auka álestur kr. 12.802

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 22.195 án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningsshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningsshrepps, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá eindaga.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkv. 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

III. KAFLI

8. gr.



Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki / fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 28.gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og 79. gr. laga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

9. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 27. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allan raunkostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal veittur hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann xx. nóvember 2025, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi 01.01.2026 með birtingu í B tíðindum stjórnartíðinda og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 4/2025.

Grímsnes- og Grafningshreppi, xxx. nóvember 2025

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri